

Nd.

366. Frumvarp til laga

[169. mál]

um sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar sildar.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Sildarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar sildar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir:

Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fjóra menn eftir tilnefningum Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegs-
manna, Félags sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi, og Félags sildarsaltenda á Suðvesturlandi.

Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þing-
kjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Nefndin skal hafa aðsetur sitt á Siglufirði á sildarvertið norðanlands og nefndar-
menn eða varamenn þeirra dvelja þar þann tíma, eftir því sem nefndin sjálf
ákveður. Á sildarvertið sunnanlands skal nefndin með sama hætti hafa aðsetur
í Reykjavík.

Nefndin ræður sér starfsfólk eftir því sem nauðsyn krefur.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Tekjur sildarútvegsnefndar skulu vera 2% af fob-verði útfluttrar sildar og allt
að 5% af rekstrarvörum til sildarsöltunar, sem nefndin hefur til sölumeðferðar.
Árlegur tekjuafgangur nefndarinnar skal lagður í sérstakan sjóð í vörzlu nefndar-
innar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu sildarútvegsins samkvæmt ákvörðun
nefndarinnar og með samþykki ráðherra.

3. gr.

Sildarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á sild fyrir innlandan og erlendan
markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem bezt rétt
hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu sildarinnar. Hún
hefur forgöngu um markaðsleit fyrir sild og annast um, að gerðar séu tilraunir með
útflutning á sild, sem verkuð er með öðrum aðferðum en nú eru tíðkaðar, og annað
það, sem orðið getur þeim til hagsbóta, sem vinna að framleiðslu saltaðrar sildar.

4. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða sild, sem íslenskr
skip veiða, eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding sildar-
útvegsnefndar komi til.

Eigi má afgreiða farmskirteini fyrir sildarsendingum til útlanda, nema ákvæðum
4. og 5. gr. sé fullnægt.

Söltuð sild í neytendaumbúðum, s. s. niðurlögð sild og niðursoðin, er undan-
skilin ákvæðum þessara laga, eins og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Prátt fyrir ákvæði þessarar greinar, er sildarútvegsnefnd heimilt að veita undan-
þágu fyrir smásendingum af sild, þegar sérstaklega stendur á.

5. gr.

Sildarútvegsnefnd löggildir útflytjendur saltaðrar sildar með þeim skilmálum,
sem nefndin telur nauðsynlega um löggildingartíma, framboð og lágmarksverð, um

skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem tryggir sem öruggasta sölu saltsildarframleiðslu landsmanna. Nefndin gerir þær ráðstafanir, sem hún telur við þurfa til að tryggja, að löggildingarskilmálum sé fullnægt.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi samkvæmt þessari grein, skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunar- atvinnu, og ráða yfir því lágmarksmagni saltsildar, sem nefndin ákveður.

Með reglugerð má ákveða, að sildarútflytjendur skuli skyldir að taka sild til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé sildin markaðs- hæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir sildarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur og sildarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning sildar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin og starfsmenn hennar eru bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þau verða áskynja um á þennan hátt.

Skýrslur um sildarsöltun skulu sendar nefndinni daglega.

7. gr.

Sildarútvegsnefnd er heimilt að takmarka sildarsöltun, ákveða hvenær söltun megi hefjast eða hanna söltun um skemmri eða lengri tíma, ef nefndin telur slíkar ráðstafanir nauðsynlegar til að tryggja gæði saltsildarinnar eða sölu hennar.

8. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sildarútvegsnefndar, að veita heildar- samtökum sildarsaltenda eða sildarútvegsnefnd, einkarétt til útflutnings á saltaðri sild eða einkarétt til útflutnings á saltaðri sild, sem verkuð er með tilteknum verk- unaraðferðum eða seld til ákveðinna landa.

9. gr.

Sé sildarútvegsnefnd eða heildarsamtökum sildarsaltenda veittur einkaréttur samkvæmt 8. gr., skal hver sildarsaltandi bera ábyrgð á gæðum sinnar sildar, en allir saltendur fá jafnt verð fyrir sild, sömu gæða.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Brjótí löggiltur útflytjandi eða söltunarleyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla, sem sett eru samkvæmt þeim, getur sildarútvegsnefnd svipt hann þeim réttindum sínum, enda hafi hann ekki sinnt áminningu nefndarinnar.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð opinberra mála og varða sektum allt að kr. 2 000 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl., 3. gr. laga nr. 79 16. apríl 1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð ís- lenzkra afurða og bráðabirgðalög nr. 69 9. maí 1961, um breyting á fyrrgreindum lögum nr. 74 29. des. 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi lögðu alþingismennirnir Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson og Eggert G. Þorsteinsson fram frumvarp til laga um sildarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., sem koma skyldi í stað gildandi laga um þetta efni, nr. 74/1934.

Frumvarpið fékk ekki endanlega afgreiðslu fyrir þinglok, en var afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá í neðri deild.

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða lög nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við sildarútvegsnefnd, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög sildarsaltenda, enda geri ríkisstjórnin ráðstafanir til að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er örugglega til fyrir, tekur eildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

9. maí 1961 voru síðan sett bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74/1934, þar sem bætt var tveimur mönnum í sildarútvegsnefnd, tilnefndum af félögum sildarsaltenda.

Hinn 4. janúar s. l. skipaði sjávarútvegsmálaráðherra þá Birgi Finnsson, alþingismann, Jónas Rafnar, alþingismann, og Jón Sigurðsson, stjórnarráðsfulltrúa, í nefnd til að annast endurskoðun þessara laga.

Nefndin hefur síðan unnið að endurskoðun laganna og hagað störfum sínum í samræmi við fyrrgreinda rökstudda dagskrá, þannig að hún hefur haldið fundi með öllum þeim aðilum, sem þar eru nefndir, og kynnt sér sjónarmið þeirra í máli þessu.

Til glöggvunar þykir ástæða til að rekja í stórum dráttum sögu lagasetningar um verkun og útflutning saltaðrar síldar.

Fyrstu lögum um þetta efni voru nr. 51 15. júní 1926, um sölu á síld o. fl. Meginefni laganna var heimild til handa ráðherra að veita opnu félagi a. m. k. 20 þeirra aðila, sem þá stunduðu síldarsöltun eða útgerð síldveiðiskipa „einkasölu á síld til útflutnings“. Eru auk þess ýmis ákvæði í lögumunum, sem kveða á um afstöðu félagsins til ráðherra, stjórn, endurskoðun o. fl.

Athyglisvert er ákvæði 8. gr. laganna um að stjórn félagsins skuli árlega gera „tilraunir til þess að útvega markað fyrir síld, og skal í þessu skyni selja utan Norðurlanda allt að 5% af útfluttri síld á ári hverju, þótt fyrir lægra verð sé en fánlegt er á venjulegum markaðsstöðum.“ Sömmuleiðis er félagsstjórn heimilað „að reyna nýja meðferð síldar til útflutnings á nýja markaði“.

Af meðferð Alþingis á máli þessu verður ráðið, að meginástæðurnar til þessarar lagasetningar hafi verið hin dýrkeypta reynsla af skipulagslausum útflutningi saltaðrar síldar, svo og óæskileg áhrif erlendra kaupenda síldarinnar, í þessari atvinnugrein, m. a. vegna erfiðleika á útvegum rekstrarfjár til síldarsöltunar.

Af nefndarálitum um frumvarp til laga um einkasölu á útfluttri síld, sem Alþingi hafði til meðferðar á árinu 1928 og varð að lögum nr. 8/1928, má ráða, að fyrirkomulag það, sem lögum nr. 15/1926 gera ráð fyrir, komst aldrei á laggirnar, enda voru þau lög numin úr gildi með fyrrnefndum lögum nr. 8 15. apríl 1928, um einkasölu á útfluttri síld. Með þeim lögum var sett á stofn „Sildareinkasala Íslands“, sem starfaði undir yfirstjórn útflutningsnefndar. Nefnd þessi var 5 manna og skipuð á sama hátt og sildarútvegsnefnd 1934—1961, með því fráviki, að verkafélögssamband Norðurlands tilnefndi þá fulltrúa í stað Alþýðusambands Íslands nú.

Sildareinkasölunni var með lögum þessum veittur afdráttarlaus einkasöluréttur, en að öðru leyti voru ákvæði um hana, störf, stjórn og verkefni, ekki í meginatriðum frábrugðin því, sem nú gildir um sildarútvegsnefnd.

Með lögum nr. 44 14. júní 1929 er lögumunum um einkasölu á síld breytt talsvert, en ekki er ástæða til að rekja þær breytingar hér. Lögum svo breytt voru síðan gefin út að nýju sem lög nr. 61 14. júní 1929.

Enn er lögum þessum breytt með lögum nr. 60 8. september 1931, og er þar með

öllu umbýlt stjórn einkasölnunnar, þannig að fjórir nefndarmenn skuli kosnir af sérstökum aðalfundi kjörinna fulltrúa, en einn skipaður af ráðherra. Gert virðist ráð fyrir fækkun framkvæmdastjóra einkasölnunnar, svo og minni afskiptum ráðherra af endurskoðun reikninga hennar.

Af reikningum síldareinkasölnunnar má ráða, að rekstur hennar hafi gengið eins og til var ætlað í fyrstu, en þar kom, að hún varð gjaldþrota, sbr. bráðabirgðalög nr. 84 9. desember 1931. Með nefndum bráðabirgðalögum voru greind lög nr. 61 14. júní 1929 ásamt síðari breytingu felld úr gildi.

Meginástæða til gjaldþrots síldareinkasölnunnar var, að leyfð var allmikil söltun umfram fyrirfram gerða samninga. Sala þessarar síldar mistókst síðan, auk þess sem fyrirfram gerðir samningar brugðust að nokkru leyti.

Eftir að störfum Síldareinkasölu Íslands lauk, voru engin lög gildandi um útflutning á síld þar til sett voru bráðabirgðalög nr. 40 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, svo og bráðabirgðalög nr. 44 16. ágúst 1934, um viðauka við þau lög.

Bráðabirgðalög þessi voru aldrei staðfest af Alþingi, heldur samþykkti næsta þing núgildandi lög, nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Síldarútvegsnefnd hefur starfað samkvæmt þessum lögum síðan 1935. Framan af löggilti hún útflytjendur saltaðrar síldar, nema matjesíldar, sem nefndin hefur haft einkasölu á frá upphafi.

Síðan 1945 hefur nefndin hins vegar haft einkasölu á allri útfluttri saltsíld. Hefur einkasalan verið ákveðin til eins árs í senn samkvæmt 11. gr. laganna.

Fyrirkomulag það, sem verið hefur á útflutningi saltaðrar síldar hefur reynzt vel. Nefndinni hefur undantekningarlítið tekizt að selja alla þá saltsíld, sem verkuð hefur verið í landinu, fyrir aðgengilegt verð. Það ber að vísu að hafa í huga í þessu sambandi, að flest undanfarinna tuttugu ára hefur síldarafli ekki nægt til að hægt væri að uppfylla fyrir fram gerða sölusamninga og sölugeta nefndarinnar því naumast verið reynd til fulls.

Allir þeir aðilar, sem rætt var við um efni frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, voru á eitt sáttir um, að núgildandi fyrirkomulag í síldarsölnunni hafi reynzt hagkvæmt. Töldu þeir með hliðsjón af fenginni reynslu nauðsynlegt að framboð saltsíldar frá Íslandi væri vel skipulagt í höndum eins aðila, enda væri með þeim hætti komið í veg fyrir skaðlega samkeppni um markaðina fyrir þessa vöru, svo og óheppileg áhrif erlendra kaupenda á þennan atvinnuveg. Því töldu þessir aðilar sízt til bóta að gefa saltsíldarútflutning frjálsan, þótt eðlilegt væri að hafa opna leið til að löggilda einstaka útflytjendur saltsíldar, ef henta þætti, t. d. hvað snertir útflutning síldar, sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða til tiltekinna landa.

Af hálfu síldarsaltenda kom fram, að þeir töldu æskilegt að í nýjum lögum um þetta efni yrðu ekki lakari möguleikar en eru í gildandi lögum, til að samlag síldarsaltenda gæti tekið söluna í sínar hendur.

Með tilliti til þess, sem hér að framan er rakið, hefur í frumvarpi þessu ekki verið vikið verulega frá meginráttum gildandi laga, þótt ýmsu hafi verið breytt, svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir síldarútvegsnefnd, sem fari undir yfirstjórn ráðherra með skipulagningu á verkun og útflutningi saltaðrar síldar. Nefndinni ber einnig að annast markaðsleit fyrir saltaða síld og tilraunir með nýjar verkunaraðferðir.

Til að sinna þessum hlutverkum sínum eru nefndinni veittar hinar viðtækustu heimildir til afskipta af síldarsöltun og útflutningi saltaðrar síldar.

Loks er ráðherra heimilað að veita síldarútvegsnefnd eða heildarsamtökum síldarsaltenda einkarétt til útflutnings á síld sem hér um ræðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Með hliðsjón af afgreiðslu frumvarps til laga um sildarútvegsnefnd, sem síðasta Alþingi hafði til meðferðar, svo og bráðabirgðalögum, útg. 9. maí 1961, er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir sömu skipan nefndarinnar og þá var upp tekin, þótt ljóst sé, að nefnd sjö manna sé óþarflega stór og án efa þung í vöfum. M. a. með hliðsjón af þessu eru ákvæði frumvarpsins um dvöl nefndarmanna á Siglufirði um síldveiðitímann nokkru rýmri en ákvæði gildandi laga. Upp eru tekin í frumvarpið sams konar ákvæði um dvöl nefndarmanna í Reykjavík á sildarvertíð sunnanlands, enda er það í samræmi við breyttar aðstæður.

Ákvæði um, að laun nefndarmanna greiðist af tekjum nefndarinnar, er í samræmi við 3. gr. laga nr. 79 16. apríl 1935.

Það er hins vegar efnisbreyting frá gildandi lögum, að ráðherra skipi nefndinni varaformann, sem sé úr hópi þingkjörinna nefndarmanna.

Um 2. gr.

2. gr. frumvarpsins fjallar um tekjur nefndarinnar og er efnislega samsvarandi 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Þykir eðlilegt, að ákvæði þessi séu í beinu framhaldi af ákvæðum um skipun nefndarinnar, starfsfólk og greiðslu kostnaðar við störf nefndarinnar.

Breytingar frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

Ákveðið er í frumvarpsgreininni, að tekjur nefndarinnar skuli vera 2% af fob-verði útfluttrar síldar og allt að 5% af rekstrarvörum til síldarsóltunar, sem nefndin hefur til sölumeðferðar. Í gildandi lögum eru nefndar 2% tekjur, háðar ákvörðun nefndarinnar og samþykki ráðherra, en ákvæði um 5% tekjur af rekstrarvörum hefur verið í reglugerð. Telja verður eðlilegt að hafa bein ákvæði um þetta efni í lögnum, ekki sízt með tilliti til ákvæða 3. málslíðs greinarinnar.

Lokaákvæði 2. gr. gildandi laga um endurgreiðslu til síldareigenda af sjóðum nefndarinnar, er niður fellt í frumvarpinu, enda verður að líta svo á, að slíkar endurgreiðslur mundu heimilar samkvæmt lokaákvæði 2. gr. frumvarpsins, en það er tekið óbreytt úr gildandi lögum, að viðbættu skilyrði um samþykki ráðherra til greiðslna af sjóðum nefndarinnar „í þágu síldarútvegsins“.

Orðalagsbreytingar eru gerðar á greininni, s. s. í stað „andvirði seldrar síldar“ kemur „fob-verði útfluttrar síldar“.

Um 3. gr.

Frumvarpsgreinin er samsvarandi við 1. mgr. 2. gr. laganna.

Niður eru felld ákvæði um úthlutun útflutningsleyfa, sbr. athugasemdir við 4. og 5. gr., og veiðileyfi til verkunar. Sömu leiðis eru niður felld ákvæði um að nefndin geri ráðstafanir til að gerðar séu tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir.

Eru breytingar þessar allar í samræmi við breyttar aðstæður frá þeim tíma, að löginn voru sett og framkvæmd laganna eins og hún hefur orðið í reynd.

Um 4. gr.

Efni 4. gr. er hið sama og efni 3. gr. laganna með nokkrum breytingum.

Orðin „eða verkaða á annan hátt“ eru niður felld. Er sú breyting í samræmi við framkvæmd laganna.

Orðin „eða í íslenzkri landhelgi“ eru niður felld, enda eru þau óþörf.

Í stað orðanna „nema með leyfi síldarútvegsnefndar“ kemur „nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til“.

Orðin „að ísaðri síld undanskilinni“ eru felld niður.

Í stað orðanna „nema slíkt leyfi liggi fyrir“ kemur „nema ákvæðum 4. og 5. gr. sé fullnægt“.

Til að einfalda lögin eru ákvæði gildandi laga um leyfi til útflutnings á síld, sem nauðsynlegt er jafnframt löggildingu, felld niður, en þess í stað tekið upp sérstakt ákvæði í síðari málslið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemd við þá grein.

Loks er bætt við greinina ákvæði um, að söltuð síld í neytendaumbúðum sé undanþegin ákvæðum þessara laga og þar með utan valdsviðs síldarútvegsnefndar, að því er varðar sölumeðferð.

Er þetta í samræmi við framkvæmd undanfarin ár.

Gert er ráð fyrir, að nánari skýrgreining neytendaumbúða verði reglugerðar-ákvæði.

3. málsliður greinarinnar er felldur niður, en í stað síðasta málsliðs kemur almenn undanþáguheimild um smásendingar á síld.

Um 5. gr.

1. mgr. greinarinnar er efnislega samsvarandi 1. mgr. 4. gr. laganna og 1. málslið 5. gr. Úr ákvæðum laganna eru felld niður orðin „ákveður tölu þeirra“ í 1. mgr. 4. gr., enda eru þau óþörf. Sömuleiðis eru felld niður orðin „afhendingu gjaldeyris“ í 1. málslið 5. gr. af sömu ástæðum. Í sama málslið er hagað til ákvæðum um skilyrði fyrir útflutningsleyfi, þannig að í stað þess kemur almenn heimild síldarútvegsnefndar til að gera þær ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja eftirlit með, að löggildingarskilmálar séu haldnir. Þykir heppilegra að hafa sveigjanlegt ákvæði um þetta efni heldur en ákvæði, sem kveða á um sérstakt útflutningsleyfi, ef það gæti orðið til að einfalda framkvæmd laganna að þessu leyti.

2. mgr. greinarinnar er stytt 2. mgr. 4. gr. laganna, enda sýnist óþarft, að ákvæði um þetta efni séu svo ítarleg sem verið hefur, heldur yrði metið hverju sinni hverjum skilyrðum umsækjandi um löggildingu þarf að fullnægja umfram hin almennu, sem fram eru sett í greininni svo breyttri.

Síðasta mgr. 4. gr. laganna er einnig felld niður. Ástæðan er sú, að með þessum hætti er ráðherra og síldarútvegsnefnd veittar frjálsari hendur en gildandi lög gera ráð fyrir og þróun þessara mála því sniðinn öllu rýmri stakkur en verið hefur. Vott hins sama má finna í ákvæðum 8. gr., sbr. athugasemd við þá grein.

Síðasta málsgrein 5. gr. frumvarpsins er óbreyttur síðasti málsliður 5. gr. laganna.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins eru ákvæði 6. gr. laganna um upplýsingaskyldu útflytjenda, að viðbættum sams konar ákvæðum um síldarsaltendur, sem nú eru í 8. gr. laganna, enda eru þau efnislega samstæð.

Þá er og bætt inn í greinina, að ákvæði gildandi laga um þagnarskyldu nefndarmanna skuli einnig taka til starfsfólks nefndarinnar.

8. gr. laganna er að öðru leyti felld niður í frumvarpinu, enda fjallar hún mestmegnis um framkvæmdaatriði, sem betur eiga heima í reglugerð en lögunum sjálfum, auk þess sem sum þeirra eru úrelt.

Um 7. gr.

Greinin er orðuð um frá 7. gr. laganna, en er efnislega óbreytt, nema hvað ákvæði um hámark söltunar á hverju skipi er niður felld. Til skýringar má benda á, að undanfarandi ár hefur söltunarleyfum verið úthlutað til söltunarstöðva eingöngu, en ekki til skipa.

Um 8. gr.

Greinin er samsvarandi við 11. gr. gildandi laga, en mjög stytta.

Aðalefnisbreytingar, sem gert er ráð fyrir í frumvarpsgreininni eru þessar: Ráðherra er heimilað að veita „heildarsamtökum síldarsaltenda“ einkarétt til útflutnings á saltaðri síld. Er ráðherra hér veitt frjálst mat um, hvaða skilyrðum slík samtök skuli fullnægja, í stað þess að gildandi lög kveða á um þau skilyrði. Þykir með þessum hætti rýmkað nokkuð um möguleika til að síldarsaltendur geti sjálfir tekið útflutning síldarinnar í sínar hendur.

Niður er fellt neitunarvald það, sem síldarútvegsnefnd hefur samkvæmt gildandi lögum um ákvörðun um að nota einkasöluheimild greinarinnar. Samkvæmt gildandi lögum gæti skapast sú aðstaða, að ágreiningur milli ráðherra og nefndarinnar gerði það að verkum, að ekki yrði komið að niðurstöðu um, hvort einkasöluheimild skuli nota eða ekki, og enginn, sem fer með endanlegt úrskurðarvald. Eðli málsins samkvæmt á ráðherra að fara með það vald.

Lokaákvæði frumvarpsgreinarinnar gera ráð fyrir, að unnt sé að takmarka einkasöluheimildina við ákveðin lönd eða ákveðna verkun síldar, ef slíkt þætti heppilegt, t. d. til að afla nýrra markaða eða reyna nýjar verkunaraðferðir.

Nokkrum framkvæmdaatriðum, sem fjallað er um í 11. gr. laganna, er sleppt í í frumvarpsgreininni, enda fara þau betur í reglugerð.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega hluti af 9. gr. laganna, þó í því breytta formi, að þar er einungis gert ráð fyrir ákvæðum í reglugerð, en hér er gert ráð fyrir beinum ákvæðum um ábyrgð saltenda á vöru sinni og jafnaðarverði.

Hins vegar þykir óraunhæft að láta ákvæði þessi gilda, nema heimild 8. gr. til veitingar einkasöluréttar sé notuð.

Ef margir útflytjendur saltsíldar væru löggiltir, mundi ábyrgð saltenda á vöru sinni koma af sjálfu sér, annað hvort vegna þess, að saltandi væri sjálfur útflytjandinn eða útflytjandinn mundi halda sig að saltanda um bætur fyrir gallaða vöru.

Jafnaðarverði yrði hins vegar ekki komið á í því tilviki nema með stofnun verðjöfnunarsjóðs. Slík stofnun mundi hins vegar lama fyrirkomulagið, þar eð góð solumennska og af því leiðandi hátt verð, mundi að hluta lenda í höndum hinna, sem lakar seldu.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en kemur í stað heimilda í 9. og 11. gr. laganna, um setningu reglugerða samkvæmt þeim.

Um 11. gr.

1. mgr. greinarinnar hefur að geyma heimild til síldarútvegsnefndar til að svipta löggilta útflytjendur og söltunarleifshafa þeim réttindum sínum, ef þeir brjóta gegn ákvæðum laganna eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim.

Samsvarandi ákvæði um útflytjendur eru nú í 10. gr. laganna, en engin um saltendur, þótt telja verði engu að síður, að nefndin hafi þennan rétt samkvæmt gildandi lögum einnig gagnvart þeim.

Bætt er inn ákvæði, sem gerir ráð fyrir áminningu áður en beitt er réttinda-sviptingunni.

2. mgr. greinarinnar er hins vegar almenn refsheimild. Sektarammi er settur 2 millj. króna, en í gildandi lögum 200 þús. krónur, að viðbættum 850 þús. krónum skv. lögum nr. 14/1948, um ákvörðun fésekta. Miðað við verð á útflyttri síldartunnu 1934 og nú, mundi sektarammi laganna eiga að vera mun hærri.